

Ed.

243. Frumvarp til laga

[161. mál]

um breyting á lögum nr. 91 31. desember 1982, um málefni aldraðra.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983.)

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 10. gr. 2. tl. laganna:

1. Í stað „kr. 300“ í 2. ml. komi: kr. 460.
2. Í stað „kr. 60 000“ í 3. ml. komi: kr. 92 400.

2. gr.

12. gr. 3. tl. hljóði svo:

Að styrkja byggingu sveitarfélaga á hjúkrunar- og sjúkradeildum fyrir aldraða með jafnháu framlagi og veitt er til sjóðsins á fjárlögum til þessara verkefna. Styrkur þessi skal teljast hluti af 85% framlagi ríkissjóðs skv. 34. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 59/1983.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um 1. gr.

Skv. 10. gr. laga nr. 91/1982 um málefni aldraðra skulu fjárhæðir 2. tl. ákvæðisins hækka í samræmi við skattvísitölu. Að óbreyttu ætti skattvísitala að hækka um 54% milli ára og er hér gerð tillaga um hækkun fjárhæða 2. tl. 10. gr. miðað við það.

Um 2. gr.

Skiptar skoðanir hafa verið um túlkun 3. tl. 12. gr. fyrrnefndra laga. Til að skýr sé sá vilji, sem að baki ákvæðisins lá í upphafi, þykir rétt að orða það nákvæmar og er það gert með þessari breytingu. Samkvæmt því skal af mörkuðum tekjustofni sjóðsins greiða til hjúkrunar- og sjúkradeilda aldraðra jafnháa fjárhæð og sjóðurinn fær á fjárlögum frá ríkissjóði til að sinna þessum verkefnum. Styrkur sjóðsins telst hluti af 85% framlagi ríkissjóðs til þessara verkefna skv. 34. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 59/1983.